

Maí 2021




Íslensk utanríkismál

Útdráttur úr skýrslu utanríkis-
og þróunarsamvinnuráðherra
til Alþingis 2021

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið




Samstarf ríkja á vettvangi efnahagsmála, viðskipta, varna og stjórnmála



Útgefandi: Utanríkisráðuneytið, maí 2021

Ljósmyndir: Gollí (1) Haraldur Guðjónsson Thors (3) Viktor Richardsson (4) utanríkisráðuneytið (5,7,9,12) BIGS (7) Atlantshafsbandalagið (11) Hari (13)

Ljósið við enda ganganna



Við lifum að sönnu sögulega tíma. Síðastliðin ár hafa einkennst af sviptingum í alþjóðakerfinu. Yfirstandandi heimsfaraldur hefur svo sett samfélög um allan heim úr skorðum og breytt heimsmyndinni til frambúðar. Við svo hvikular aðstæður ríður á að standa vörð um hagsmuni lands og þjóðar. Það hefur utanríkisþjónustan gert undanfarin misseri sem aldrei fyrr.

Öflug utanríkisviðskipti eru undirstaða áframhaldandi velsældar og aukinn stuðningur við útflutningsgreinar mótar viðspyrnu okkar við faraldrinum. Hjá viðskiptavaktinni sem leit dagsins ljós síðastliðið haust geta íslensk fyrirtæki leitað aðstoðar við brýnum úrlausnarefnum hvenær sem er. Um leið höfum við kappkostað að styrkja grundvöll utanríkisviðskiptanna. Efnahagssamráð sem sett var á fót með Bandaríkjunum 2019 er orðið að árvissum viðburði, framtíðarviðræður við Bretland verða brátt til lykta leiddar og hagsmunagæsla á vettvangi EES-samstarfsins er ávallt í öndvegi.

Að sama skapi er áhrifaríkasta leiðin til að uppræta fátækt og bæta lífskjör í heiminum að styðja við atvinnuuppbyggingu í þróunarlöndunum. Aðkoma einkageirans er lykilforsenda þess enda hafa þróunarlöndin sjálf kallað eftir henni. Heimstorg, samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins og Íslandsstofu, miðlar upplýsingum til íslenskra fyrirtækja um möguleg atvinnuþróunarverkefni í þróunarlöndum og víðar. Samstarfssjóður atvinnulífs um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er líka kominn á fullan skrið en hann er ætlaður íslenskum fyrirtækjum sem stuðla með starfsemi sinni að hagsæld í þróunarríkjum.

Við höfum einnig lagt áherslu á að tryggja enn betur öryggi Íslands gagnvart þeim síbreytilegu ógnum sem nú eru uppi. Sérstök deild fjölþátta-ógnna hefur verið stofnuð í ráðuneytinu sem greinir nýjar áskoranir, til dæmis á sviði netógnna og upplýsingaóreiðu, og mótar viðbrögð við þeim. Öryggi grunninnviða á borð við ljósleiðaraþræði

er líka forgangsmál. Áfram leggjum við svo okkar af mörkum til öryggis- og varnarsamstarfs á vettvangi Atlantshafsbandalagsins svo og Norðurlanda og annarra líkt þenkjandi ríkja.

Stigvaxandi þungi hefur færst í samstarf um málefni norðurslóða enda dylst engum þýðing svæðsins gagnvart þeim áskorunum sem mannkynið stendur nú frammi fyrir. Loftslagsmálin eru eitt af áhersluatriðum vel heppnaðrar formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu en henni lýkur með ráðherrafundi í Reykjavík í maí. Við höfum sannarlega mikið fram að færa í þessum efnunum, bæði hvað varðar nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa en líka nýsköpun á sviði kolefnisbindingar.

Allt okkar starf hefur að forsendu mannréttindi og þau lýðræðislegu gildi sem alþjóðakerfið byggist á. Það er áhyggjuefni að sótt er að þessum gildum, oft í skjóli COVID-19. Fámenn herlaus ríki eins og Ísland eiga mikið undir því að sátta ríki um þessi grunnildi og alþjóðalög almennt. Við beitum okkur á vettvangi alþjóðastofnana hér eftir sem hingað til og í einstökum málum, til dæmis vegna meingallaðra kosninga í Belarús.

Síðastliðin misseri hafa verið bæði krefjandi og þungbær en um leið sýnt fram á þolgæði þjóðarinnar og styrk. Ég er stoltur af árangri utanríkisþjónustunnar við að styðja íslenskt atvinnulíf og gæta hagsmuna borgaranna á slíkum óvissutímum. Nú þegar við sjáum ljósið við enda ganganna stendur Ísland sterkt að vígi í samfélagi þjóðanna.

*Guðlaugur Þór Þórðarson,
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra*

Brugðist við breyttu landslagi



Heimsfaraldur kórónuveirunnar hefur sett mark sitt á alla starfsemi utanríkisþjónustunnar og nánast kyrrsett ráðamenn og embættismenn allra landa. Þrátt fyrir það hafa pólitísk samskipti verið mikil og árangursrík. Fjarfundir hafa reynst öflugt verkfæri og einsýnt er að því fyrirkomulagi verði haldið áfram að verulegu leyti þegar faraldrinum linnir enda auðveldar það reglulegt samtal og dregur úr kostnaði og kolefnisfótspori.



Frá vinstri: Auðunn Atlason sendiherra, Diljá Mist Einarsdóttir, aðstoðarmaður utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, Einar Gunnarsson sendiherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, Pétur Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, Ásta S. Fjeldsted, þáverandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands og Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Viðskiptavakt hóf göngu sína

Utanríkisþjónustan hefur leitað leiða til þess að bregðast við breyttu landslagi eftir COVID-19. Í júlí 2020 kom út skýrslan *Saman á útivelli* þar sem tillögur starfshóps utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um stuðning utanríkisþjónustunnar við útflutningsgreinar og atvinnulíf í kjölfar heimfaraldursins voru settar fram. Á grundvelli skýrslunnar var sérstök sólarhringsviðskiptavakt sett á laggirnar í október. Viðskiptavaktin byggist á fyrirkomulagi borgaraþjónustunnar og nýtist ekki síst þegar upp koma brýn úrlausnarefni tengd viðskiptum sem ekki geta beðið opnunartíma utanríkisráðuneytisins og kalla á aðkomu stjórnvalda.

Regluleg upplýsingaskipti við nánar vinabjóðir

Gildi norræns samstarfs hefur sjaldan komið betur í ljós en í yfirstandandi heimfaraldri. Heimsfaraldurinn var forgangsefni í samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Norrænir utanríkisráðherrar funduðu tíu sinnum á árinu 2020 og þar af aðeins einu sinni í eigin persónu. Þá áttu utanríkisráðherrar NB8-ríkjanna átta fundi, þar af voru sjö fjarfundir. Á þessum fundum áttu sér stað regluleg upplýsingaskipti í tengslum við faraldurinn, svo sem faraldsfræðilegar aðstæður og ferðatakmarkanir. Þá reyndist náið samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja um heimflutning á ríkisborgurum sem urðu innlyksa víðs vegar um heiminn mjög mikilvægt.



Á tímum kórónuveirunnar hafa fjarfundir utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra verið tíðir en um leið öflugt og skilvirkt verkfæri.

Álag á borgarþjónustu

Starfsemi borgarþjónustunnar hefur markast verulega af heimsfaraldrinum. Árið 2019 voru 679 aðstoðarbeiðnir skráðar hjá borgarþjónustu utanríkisráðuneytisins en í fyrra bárust ráðuneyti og sendiráðum yfir níu þúsund slíkar beiðnir. Hefðbundin verkefni borgarþjónustu, svo sem aðstoð vegna veikinda, slysa og sakamála, urðu einnig flóknari vegna ferðatakmarkana víða um heim. Það var lán í óláni að starfsfólk áritanadeildar gat hlaupið undir bagga á þessum álagstíma enda voru fáar umsóknir um Schengen-vegabréfsáritanir á tímum heimsfaraldurs.

Borgarþjónusta 2020

9.000+



Rúmlega **níu þúsund beiðnir um aðstoð** bárust sendiráðum og ráðuneyti samanborið við 679 árið 2019.

2.000+



Vegna COVID-19 voru rúmlega **tvö þúsund liprunarbréf** gefin út til staðfestingar á heimild til að koma til landsins.

1.170



Vegabréfaumsóknir voru 1.170 talsins árið 2020 og **335 neyðarvegabréf** voru gefin út.

74.000+



Rúmlega **74 þúsund heimsóknir á ferðaráðsvef** utanríkisráðuneytisins vegna COVID-19 frá opnun í marsmánuði 2020.

Jafn aðgangur að bóludefni

Framlag utanríkisráðuneytisins til COVAX, samstarfs ríkja um að tryggja öllum þjóðum jafnan aðgang að bóludefni við COVID-19, nam 500 milljónum króna árið 2020. COVAX var sett á fót árið 2020 af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og samstarfsaðilum. Samstarfið hefur einnig það markmið að styðja við greiningu og meðferð þeirra sem sýkjast af COVID-19.

FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

Beitti sér gegn reglugerð ESB um hömlur á bóludefnisútflutningi

26. mars 2021 Viðbrögð við nýrri reglugerð Evrópusambandsins um útflutningshömlur á bóludefni voru ofarlega á baugi fjarfundar utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í dag sem Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tók þátt í. Fyrr í vikunni fór Guðlaugur Þór þess á leit við alla ráðherrana að þeir aðstoðuðu við að tryggja að reglugerðin hefði ekki áhrif á afhendingu bóludefna til Íslands.

Utanríkisþjónustan leggi atvinnulífina lið

26. júní 2020 Starfshópur utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um stuðning utanríkisþjónustunnar við útflutningsgreinar skilaði skýrslu sinni í dag. Guðlaugur Þór Þórðarson afhenti skýrsluna fulltrúum Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptaráði Íslands og Íslandsstofu. Guðlaugur Þór skipaði starfshópin í byrjun maí til þess að móta tillögur að því hvernig utanríkisþjónustan geti betur stutt við atvinnulífið vegna efnahagslega afleiðinga COVID-19 heimsfaraldursins.

Breytt ferðaráð íslenskra stjórnvalda

23. júní 2020 Nú þegar heimsfaraldurinn er í rénun í Evrópu og landamæri flestra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins hafa opnast Íslendingum hafa ráðleggingar sem ríkisstjórnin gaf út 14. mars verið endurskoðaðar. Þær fólu í sér að Íslendingum var ráðið frá ónauðsynlegum ferðalögum til útlanda. Var það gert í ljósi umfangsmikilla sóttvarnaraðgerða og ferðatakmarkana erlendra stjórnvalda vegna heimsfaraldurs og takmarkaðs flugframboðs.

Áfram gakk: Íslensk utanríkisviðskiptastefna



Íslensk utanríkisviðskiptastefna miðar að því að tryggja íslenskum fyrirtækjum besta mögulega viðskiptaumhverfi á erlendum mörkuðum. Í byrjun árs 2021 hættu EES-samningurinn og aðrir samningar sem Ísland hefur gert við ESB að gilda um Bretland. Öflug hagsmunagæsla hefur fylgt þessari breyttu stöðu en viðræður um framtíðarsamband ríkjanna hófust af fullum krafti í ágúst. Efnahagssamráð við Bandaríkin var fest í sessi á árinu 2020 og samstarf á vettvangi Íslandsstofu styrkt.

Viðræður um framtíðarsamband við Bretland hafnar

Umfangsmikil vinna hefur farið fram í utanríkisráðuneytinu undanfarin ár vegna útgöngu Bretlands úr ESB og undirbúnings fyrir viðræður um framtíðarsamband ríkjanna. Bráðabirgðasamningur um vöruviðskipti Íslands og Noregs við Bretland tók gildi 1. janúar 2021 og er ætlað að brúa bilið þar til nýr víðtækur fríverslunarsamningur tekur gildi. Unnið er að því að ljúka viðræðum EFTA-ríkjanna innan EES við Bretland eins fljótt og auðið er. Á flestum sviðum er samhljómur milli viðsemjenda. Viðræður við Bretland um mál sem falla utan fríverslunarviðræðna hafa átt sér stað á ýmsum sviðum og þar ber hæst undirritun loftferðasamnings 16. desember 2020.

Efnahagssamráð við Bandaríkin fest í sessi

Efnahagssamráð Íslands og Bandaríkjanna var enn frekar fest í sessi árið 2020 en annar fundur þess fór fram í október. Efnahags- og viðskiptamál milli ríkjanna voru rædd á breiðum grundvelli með það að markmiði að undirbúa jarðveginn fyrir mögulegar fríverslunarviðræður í framtíðinni og ákveðið að halda samráðið eftirleiðis árlega. Vonir stóðu til að Íslandsfrumvarpið svokallaða, sem snýr að bættum aðgangi íslenskra fjárfesta og viðskiptaaðila að Bandaríkjamarkaði, hlyti afgreiðslu á árinu 2020 en COVID-19 varð til þess að mörg mál sem ekki tengdust beint heimsfaraldrinum voru tekin af dagskrá síðasta þings.

Viðskiptasamningar

74



Fríverslunarsamningar við samtals 74 ríki og landsvæði, þar af tveir sem bíða gildistöku. Auk þess bíður einn undirritunar.

100+



Loftferðasamningar og viljayfirlýsingar sem heimila flug til rúmlega 100 landa, þar af sjö samningar undirritaðir 2018-2020.

10



Ísland hefur gert tvíhliða fjárfestingasamninga við 10 ríki auk annarra samninga sem taka til fjárfestinga.

45



Tvísköttunarsamningar við 45 ríki eru komnir til framkvæmda, þ.m.t. samningur við Japan frá 2018.



Guðlaugur Þór Þórðarson undirritar nýjan loftferðasamning fyrir Íslands hönd í desember 2020.

Samstarf Íslandsstofu og Business Sweden

Íslandsstofa hefur gert samkomulag við systurstofnun sína Business Sweden sem tryggir að íslensk fyrirtæki geta nýtt sér tiltekna þjónustu hennar eins og um sænsk fyrirtæki væri að ræða. Við samkomulagið styrkist og eflist sú þjónusta sem stendur íslenskum fyrirtækjum til boða við markaðssetningu erlendis. Utanríkisþjónustan hefur viðskiptafultrúa á sínum snærum á tólf mörkuðum, en með samkomulaginu bætist allverulega í þann hóp sem íslensk fyrirtæki geta leitað til. Business Sweden starfar á 42 mörkuðum.



Frá ársfundi Íslandsstofu í apríl 2021. Frá vinstri: Pétur Óskarsson framkvæmdastjóri Íslandsstofu, Eliza Reid forsetafrú, Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og Pär Ahlberger sendiherra Svíþjóðar

Áfram gakk!

Skýrslan *Áfram gakk! Utanríkisviðskiptastefna Íslands* kom út í janúar 2021 þar sem í fyrsta sinn er gerð grein fyrir öllum þeim samningum sem tengjast utanríkisviðskiptum Íslendinga á einum stað. Í skýrslunni er fjallað um stöðu utanríkisviðskipta, gang mála innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, fríverslunarsamskipti Íslands við EFTA-ríkin og ESB, og fríverslunarsamninga EFTA og Íslands sem tryggja íslenskum útflytjendum betri aðgang að fjölda markaða um allan heim. Jafnframt eru áhrif heimsfaraldursins á íslenskan útflutning rakin.

FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

Miklir hagsmunir í húfi fyrir íslenskt atvinnulíf

29. júní 2020 Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra átti í dag samráðsfund með forystufólki úr atvinnulífinu þar sem rætt var um fríverslunarviðræður Íslands, Noregs og Liechtenstein við Bretland sem nú eru að hefjast. Samtök atvinnulífsins boðuðu til málstofunnar að ósk Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra.

Efnahagssamráð Íslands og Bandaríkjanna fest í sessi

27. október 2020 Efnahagslegar afleiðingar kórónuveirufaraldursins og vegabréfsáritanir fyrir íslenska atvinnurekendur og fjárfesta voru á meðal umræðuefna á efnahagssamráðsfundi Íslands og Bandaríkjanna sem fram fór í dag. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra segir að efnahagssamráð ríkjanna sé þegar farið að bera ávöxt. Þetta er í annað skiptið sem efnahagssamráðið fer fram en ákveðið var að setja það á fót á fundi þeirra Guðlaugs Þórs og Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Reykjavík í febrúar í fyrra.

Fundar í Lundúnum vegna framtíðarviðræðna við Bretland

15. september 2020 Viðræður Íslands og Bretlands um framtíðarsamskipti ríkjanna voru í brennidepli á fundum Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra með breskum ráðherrum og þingmönnum í dag og í gær. Á fundi með Ranil Jayawardena, ráðherra utanríkisviðskipta, lagði Guðlaugur Þór áherslu á að ljúka viðræðum um nýjan fríverslunarsamning í tæka tíð svo hann gæti tekið gildi í árslok.

Nú er úti norðanvindur



Ísland hefur gegnt veigamiklu hlutverki í alþjóðlegu samstarfi um málefni norðurslóða undanfarin tvö ár með formennsku í Norðurskautsráðinu. Formennskunni lýkur með ráðherrafundi ráðsins í Reykjavík í maí. Þingsályktunartillögur um nýja norðurslóðastefnu og aukið samstarf við Grænland hafa verið lagðar fram á Alþingi en sú síðarnefnda er byggð á viðamikilli skýrslu Grænlandsnefndar ráðherra. Þrátt fyrir heimsfaraldur hefur samstarf á vettvangi Norðurlanda verið þróttmikið.

Starf Norðurskautsráðsins lagað að breyttum aðstæðum

Heimsfaraldurinn setti mark sitt á formennsku Íslands og vinnu Norðurskautsráðsins undanfarin ár og því þurfti að laga starfið að breyttum aðstæðum. Fjöldmennir fundir embættismannanefndar ráðsins og vinnuhópsins um sjálfbæra þróun sem hefðu átt að fara fram á Akureyri og Egilsstöðum voru með fjarfundarsniði og alþjóðleg vísindaráðstefna sem formennskan efndi til um plastmengun í hafi var haldin með sama fyrirkomulagi í mars. Í formennskuáætlun Íslands var lögð áhersla á málefni hafsins, loftslagsmál, endurnýjanlega orku og fólk og samfélög á norðurslóðum, auk öflugara Norðurskautsráðs.

Ný norðurslóðastefna

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tók við tillögum þingmannanefndar úr öllum flokkum í mars síðastliðnum um endurskoðaða stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. Þar er meðal annars fjallað um stöðu Íslands sem norðurslóðaríkis, víðtæk áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum, breytt landslag öryggismála og velferð íbúa svæðisins. Á grundvelli tillagnanna hefur ráðherra lagt fram tillögu til þingsályktunar um nýja norðurslóðastefnu sem vonast er til að verði samþykkt á vorþingi.

Norrænt samstarf 2020



Fundir ráðherra með starfssystkinum sínum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum voru alls 30 árið 2020, þar af 24 fjarfundir.



Norrænir utanríkisráðherrafundir voru tíu, þar af níu fjarfundir.



Fundir norrænu utanríkisráðherranna með starfssystkinum sínum frá Eystrasaltsríkjunum voru átta, þar af sjö fjarfundir.



Tvíhliða fjarfundir voru átta og tvíhliða heimsóknir fjórar. Ráðherra sótti heim Lettland, Eistland og Danmörku og tók á móti færeyskum starfsbróður sínum í júní.



Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og Össur Skarphéðinsson, fyrrum ráðherra og formaður Grænlandsnefndarinnar, kynntu Grænlandsskýrslu í janúar.

99 tillögur í umfangsmikilli Grænlandsskýrslu

Skýrsla Grænlandsnefndar utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, *Samstarf Íslands á nýjum Norðurslóðum*, kom út í janúar. Undir formennsku Össurar Skarphéðinssonar, fyrrverandi ráðherra, forgangsraðaði nefndin tíu tillögum til stefnumörkunar og lagði til að Grænland og Ísland geri með sér rammisamning um samstarfs svið í framtíðinni. Tillaga til þingsályktunar hefur verið lögð fram á Alþingi þar sem lýst er vilja og markmiðum um aukið samstarf. Tillögur skýrslunnar eru 99 og fjalla um möguleika á auknu samstarfi stjórnvalda, sveitarfélaga og stofnana, einkageirans og frjálsra félagasamtaka.

Aukin áhersla á tvíhliða samstarf

Á árinu var ráðist í endurbætur á samskiptum ráðuneytisins við sendiskrifstofur Íslands. Stofnuð var sérstök deild tvíhliða málefna sem er ætlað það hlutverk að vera miðstöð sem styður við starf tvíhliða sendiráða, aðalræðisskrifstofa og heimasendiherra. Mikil þörf var á auknum samskiptum við sendiskrifstofur vegna heimsfaraldursins og voru samskipti og upplýsingagjöf sett í fastar skorður með reglulegum fjarfundum. Nýtt verklag við starfsáætlanagerð var tekið upp á haustmánuðum. Leitast var við að einfalda og samræma áætlanagerðina og tryggja samráð við ráðuneytið um forgangsroðun á hverjum stað og samræma viðskipta- og menningaráætlanir sendiskrifstofa og áætlanir Íslandsstofu.

30 ára afmæli NB8-samstarfsins

Náið samband Norðurlanda og Eystrasaltsríkja hefur alla burði til að eflast enn frekar. Eistland leiddi samvinnu þeirra á síðasta ári og lagði áherslu á þau tækifæri sem liggja á sviði gagnaskipta, rafrænna lausna og netöryggis. Samtals fundaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra 30 sinnum með starfsystkinum sínum í NB8-ríkjunum. Á árinu 2020 var þess einnig minnst að liðin voru þrjátíu ár frá upphafi samstarfsins en fyrsti fundur utanríkisráðherra NB8-ríkjanna var haldinn í Kaupmannahöfn í desember 1990.

FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

Síðasti fundurinn

19. mars 2021 Síðasti fundur embættismannanefndar Norðurskautsráðsins undir íslenskri formennsku var haldinn á Hilton Nordica í Reykjavík dagana 16. til 18. mars, en Rússland tekur formlega við keflinu á ráðherra-fundi í Reykjavík í maí. Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, ávarpaði fundargesti.

Ráðherra fagnar áhuga Grænlandinga á aukinni samvinnu

22. febrúar 2021 Tvíhliða samskipti Íslands og Grænlands og niðurstöður skoðanakönnunar sem gefa til kynna að 90% Grænlandinga styðji aukna samvinnu við Ísland voru á meðal umræðuefna í opunarávarpi Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra á rafrænum fundi Hringborðs norðurslóða - Arctic Circle í dag.

Utanríkisráðherrar NB8-ríkjanna lýsa áhyggjum af Hvíta-Rússlandi

11. ágúst 2020 Utanríkisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna lýsa yfir miklum áhyggjum af ástandinu í Hvíta-Rússlandi í sam-eiginlegri yfirlýsingu sem þeir sendu frá sér í dag. Skorað er á stjórnvöld í Minsk að hætta að ofsækja stjórnarandstæðinga og virða frelsi og mannréttindi. Í yfirlýsingunni láta ráðherrarnir í ljós sérstakar áhyggjur af ofbeldi og líkamsmeiðingum gagnvart mótmælendum í kjölfar fregna af misferli í forsetakosningunum sem haldnar voru í Hvíta-Rússlandi síðastliðinn sunnudag. Kosningarnar hefðu hvorki farið fram í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Hvíta-Rússlandi né staðist alþjóðleg viðmið um lýðræði og réttarríki.

Nýjar áskoranir á sviði öryggis- og varnarmála



Grunnforsenda þjóðaröryggisstefnunnar er staða Íslands sem herlausrar eyþjóðar sem tryggir öryggi sitt og varnir með virkri samvinnu við önnur ríki og innan alþjóðastofnana. Ísland fer ekki varhluta af þeim breytingum sem hafa orðið í öryggismálum á heimsvísu á undanförunum árum. Hornsteinar öryggis og varna Íslands eru sem fyrr aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin.

Óröskuð starfsemi á öryggissvæðinu í Keflavík

Heimsfaraldurinn hefur falið í sér áskoranir fyrir starfsemi öryggissvæðisins í Keflavík en tekist hefur að halda verkefnum nánast óbreyttum að umfangi, þar með talið gistiríkjastuðningi og rekstri varnarmannvirkja og búnaðar. Tvær varnaræfingar á vegum Atlantshafsbandalagsins, kabátæfirtirlitsæfingin Dynamic Mongoose og sprengjuleitaræfingin Northern Challenge, fóru fram á og við Ísland árið 2020. Vegna kórónuveirufaraldursins voru þær smærri í sniðum en venja er. Hætta þurfti við tvíhliða varnaræfinguna Norður-Víking sem fara átti fram síðastliðið vor.

Öflugra pólitískt samstarf og sterkari Atlantshafstengsl

Atlantshafsbandalagið er meginvettvangur samstarfs og samráðs um viðbrögð við hefðbundnum og óhefðbundnum ógnum. Fæling og varnir, hernaðarmáttur Rússlands, hryðjuverkaógnir, aðgerðir bandalagsins í Afganistan og Írak, fjölbáttáógnir og byltingarkennd tækniþróun

eru þar efst á baugi um þessar mundir, samhliða áherslum tengdum áhrifum COVID-19. Á fundi utanríkis- og varnarmálaráðherra bandalagsins í apríl var tekin ákvörðun um að binda enda á aðgerðir þess í Afganistan. Á undanförunum mánuðum hefur mat verið lagt á hvernig efla megi pólitískt samstarf og samheldni ríkjanna og styrkja Atlantshafstengslin. Tillögur þessa efnis verða lagðar fyrir leiðtogafund bandalagsins í júní.

Þéttara fjölþjóðasamstarf um öryggis- og varnarmál

Fjölþjóðlegt samstarf á sviði öryggis- og varnarmála hefur vaxið jafnt og þétt í takt við áskoranir í alþjóðlegu öryggisumhverfi. Utan Atlantshafsbandalagsins hefur virkt samráð verið meðal Norðurlandanna á vettvangi norræna varnarsamstarfsins (NORDEFCO), í Norðurhópnum og meðal NB8-ríkjanna um sameiginlega öryggis- og varnarhagsmuni undanfarið ár. Þá gerðist Ísland í apríl aðili að samstarfsvettvangi líkt þenkjandi ríkja (JEF) sem Bretland leiðir.

Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins (Nato) 2020

9



Ísland sá NATO fyrir **níu borgaralegum sérfræðingum** árið 2020 sem störfuðu víða um heim við fjölbreytt verkefni.



Rekstur íslenska loftvarnarkerfisins, sem er hluti af samþættu loftvarnakerfi NATO. Rátsjárnar spanna stórt svæði á Norður-Atlantshafi.

140



Rekstur og umsjón með **140 varnarmannvirkjum NATO á Íslandi**.

55.000+



Gistiríkjastuðningur fyrir liðsafla bandalagsríkjanna. Rúmlega 55 þúsund gisti-nætur erlends liðsafla árið 2020.



Bryndís Kjartansdóttir tók í október við embætti skrifstofustjóra öryggis- og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og varð þar með önnur konan í riflega sjötíu ára sögu Atlantshafsbandalagsins til að gegna stöðu æðsta embættismanns aðildarríkis á sviði varnarmála (e. Chief of Defence, CHOD). Hún tók þátt í fjarfundi herráðsforingja bandalagsins í ársbyrjun.

Sjónum beint að fjölþáttaógnum

Eitt af meginmarkmiðum Íslands í öryggis- og varnarmálum er að byggja upp og samhæfa viðbúnað og getu á sviði netöryggismála og efla þekkingu og viðbrögð við fjölþáttaógnum. Í því skyni var deild fjölþáttaógna sett á fót innan öryggis- og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins í nóvember. Deildin mun leiða stefnumótun ráðuneytisins á þessu sviði, sinna upplýsingaúrvinnslu, gerð hættumats og áætlana ásamt því að annast samstarf við líkt þenkjandi ríki. Ný deild mun beina sjónum að netöryggismálum, erlendum fjárfestingum í innviðum eða fyrirtækjum, upplýsingaóreiðu og viðnámspoli til að takast á við slíkar ógnir, ásamt því að vinna að fræðslu og upplýsingamiðlun um málefnið.

Útboð ljósleiðarapráða

Starfshópur um ljósleiðaramálefni og útboð ljósleiðarapráða Atlantshafsbandalagsins skilaði skýrslu í febrúar þar sem lagt er til að hafinn verði undirbúningur útboðs á tveimur af þremur ljósleiðarapráðum Atlantshafsbandalagsins hér á landi í þágu samkeppni á fjarskiptamarkaði, þjóðaröryggis og varnarhagsmuna.



Norsk flugsveit tók þátt í loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins á Íslandi bæði í ár og í fyrra með nýjum F-35 orrustubotum sínum.

FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

Kafbátaeftirlitsæfingin Dynamic Mongoose 2020

25. júní 2020 Kafbátaeftirlitsæfingin Dynamic Mongoose 2020 verður haldin hér á landi dagana 29. júní til 10. júlí á vegum Atlantshafsbandalagsins. Æfingar af þessu tagi hafa verið haldnar árlega undan ströndum Noregs frá árinu 2012 nema þegar hún fór fram hér á landi árið 2017. Ákveðið hefur verið að framvegis verði æfingar haldnar til skiptis á Íslandi og í Noregi.

Lok aðgerða Atlantshafsbandalagsins í Afganistan ákveðin á ráðherrafundi

14. apríl 2021 Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tók í dag þátt í fjarfundi utanríkis- og varnarmálaráðherra Atlantshafsbandalagsins. Á fundinum var tekin ákvörðun um að binda enda á aðgerðir bandalagsins í Afganistan og að liðsafl bandalagsríkjanna verði farinn frá landinu fyrir 11. september næstkomandi.

Íslenskir friðargæsluliðar í öllum Eystrasaltsríkjunum

16. október 2020 Fulltrúar Íslensku friðargæslunnar eru nú við störf hjá fjölþjóðaliði Atlantshafsbandalagsins í öllum þremur Eystrasaltsríkjunum. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra segir aukna þátttöku Íslands í samstöðuáðgerðum á svæðinu fagnaðarefni. Ísland hefur undanfarin ár tekið þátt í samstöðuáðgerðum Atlantshafsbandalagsins við Eystrasalt undir merkjum eFP – enhanced Forward Presence. Framan af voru borgaralegir sérfræðingar á sviði upplýsingamiðlunar að störfum í Tallinn í Eistlandi og Rukla í Litáen en í nýliðnum mánuði bættist við staða sérfræðings í Ríga í Lettlandi.

Ísland axlar ábyrgð



Alþjóðakerfi byggt á almennum reglum, sem breið sátt ríkir um, skiptir smárikri höfuðmáli í alþjóðasamskiptum. Þá er virðing fyrir þjóðarétti og fjölþjóðasamvinnu þeim ómetanleg. Gildi fjölþjóðakerfisins um frið, lýðræði, mannréttindi, kynjajafnrétti og sjálfbæra þróun eiga í vök að verjast víða um heim.



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ásamt þeim Ann Linde utanríkisráðherra Svíþjóðar og Jeppe Kofod utanríkisráðherra Danmerkur á Borgundarhólmsfundinum haustið 2020.

Í framvarðasveit mannréttinda og lýðræðis

Ísland skipar sér í sveit lýðræðisríkja sem beita sér með virkum hætti í þágu mannréttinda og lýðræðislegra gilda, meðal annars gagnvart ríkjum sem hafa gerst uppvís að alvarlegum mannréttindabrotum. Á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland beitt sér í málefnum Írans og ákveðnum árangri hefur verið náð í málefnum Filippseyja og Sáði-Arabíu þótt enn sé langt í land.

Íslensk stjórnvöld vilja leggja sitt af mörkum til fjölþjóðasamvinnu. Í framhaldi af árangursríkri setu í mannréttindaráðinu 2018-2019 sækist Ísland eftir sæti í mannréttindaráðinu á nýjan leik tímabilið 2025-2027. Einnig er hafinn undirbúningur að formennsku Íslands í Evrópuráðinu og unnið er að framboði Íslands í framkvæmdastjórn UNESCO 2021-2025.

Farsæl alþjóðasamskipti

Antony Blinken, nýr utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Sergei Lavrov utanríkisráðherra Rússlands eru væntanlegir á ráðherrafund Norðurskautsráðsins í Reykjavík í maí ásamt utanríkisráðherrum Norðurlandanna og Kanada. Rússar taka þá við formenskukeflinu af Íslandi. Vegna heimsfaraldurs hefur verið lítið um heimsóknir og ferðalög en áfram er unnið að jákvæðum samskiptum við fjölmörg ríki, meðal annars þegar tilefni gefst til að fagna farsælu stjórnámbandsi. Í ár eru 50 ár liðin frá því að Ísland tók upp stjórnámbandsi við Kína og 80 ár frá upphafi stjórnámbandsi Íslands og Bandaríkjanna.

Samstarf Norðurlandanna í utanríkismálum er náið á grundvelli sameiginlegra gilda og hagsmuna. Til marks um það er skýrsla Björns Bjarnasonar, fyrrverandi ráðherra, um dýpkun norræns samstarfs á sviði utanríkis- og öryggismála. Á fundi norrænu utanríkisráðherranna í Borgundarhólmi í september var sammælt um að vinna að framkvæmd nokkurra tillagna sem meðal annars fjalla um loftslagsmál, fjölþáttaógnir og fjölþjóðakerfið.




| Þegar kemur að hreinni og sjálfbærri orku hefur Ísland mikilli sérþekkingu að miðla, ekki síst við nýtingu jarðhita.

Alþjóðasamstarf á tímum heimsfaraldurs

Heimsfaraldurinn hefur sett svip á allt starf Sameinuðu þjóðanna. Fjöldmörgum stórum ráðstefnum og fundum var frestað en starfsemi öryggisráðsins, allsherjarþingsins og undirnefnda þess var að mestu fram haldið með hjálp fjarfundatækni. Markvisst hefur verið brugðist við áhrifum faraldursins á heilsufar, samfélög og efnahagslíf um allan heim. Ísland hefur lagt sitt af mörkum til aðgerða Sameinuðu þjóðanna vegna farsóttarinnar en jafnframt veitt fé þangað sem þörfin er brýn. Á árinu 2020 voru mannúðarframlög til Sírylands hvað umfangsmest auk framlaga vegna neyðarástandsins í Jemen og á Sahel-svæðinu í Afríku.

Loftslags-, auðlinda og umhverfismál eru áfram í forgrunni fjölþjóðasamvinnunnar. Ísland á þar ríkra hagsmuna að gæta og hefur einnig yfirmikilli sérþekkingu að miðla, ekki síst í þróunarsamvinnu. Áhersla er lögð á hreina, sjálfbæra orku, ekki síst nýtingu jarðhita og hreina orkubera eins og grænt vetni og vetnisafurðir. Þá eru jafnframt í öndvegi verndun og sjálfbær nýting hafs og vatna, endurheimt vistkerfa, sjálfbær landnýting, aukin mótþægis- og aðlögunarhæfni samfélaga vegna áhrifa loftslagsbreytinga og föngum og förgun gróðurhúsalofttegunda.

Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum?



*Heildarfjöldi svarenda: 925, 66 svöruðu ekki. Heimild: Maskína (mars, 2020).

FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

Guðlaugur Þór ræddi við Antony Blinken

28. apríl 2021 Ráðherrafundur Norðurskautsráðsins, tvíhliða samskipti og samstarf á alþjóðavettvangi voru til umræðu á símafundi Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna í dag. Blinken tilkynnti í ræðu á dögunum að hann myndi leiða sendinefnd Bandaríkjanna á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í maí. Í samtali sínu í dag ræddu þeir Guðlaugur Þór um fyrirhugaða heimsókn Blinkens hingað til lands og hvers vænta megi af fundinum.

Guðlaugur Þór ávarpaði mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna

23. febrúar 2021 Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra varaði við því að heimsfaraldurinn væri notaður sem átylla til að skerða frelsi og borgaraleg réttindi í ávarpi sínu í mannréttindarráði Sameinuðu þjóðanna í dag. Hann fagnaði sérstaklega ákvörðun Bandaríkjastjórnar að gerast aftur virkur þátttakandi í starfi mannréttindaráðsins. Ekki væri um gallalausastofnun að ræða en einmitt þess vegna þyrftu lýðræðisríki að vinna að umbótum á mannréttindaráðinu og halda á lofti frelsi og mannréttindum.

Ísland styður ákall um vopnahlé á heimsvísu

1. apríl 2020 Ísland tekur undir yfirlýsingu 53 ríkja sem lýsa stuðningi við ákall António Guterres aðalframbærleiksráðgjafa Sameinuðu þjóðanna um tafarlaust vopnahlé á heimsvísu. Hvatt er til þess að þjóðir heims beini spjótum sínum gegn heimsfaraldri kórónuveiru.

Framlag til sjálfbærrar þróunar



Ísland hefur skýra stefnu í þróunarsamvinnu sem byggist á íslenskri sérþekkingu og reynslu. Með auknu samstarfi við félagasamtök og fyrirtæki má enn frekar leggja fátækum þjóðum lið í atvinnuuppbyggingu og almennri styrkingu innviða, sem er grundvöllur hagsældar alls staðar.

Ísland styður dyggilega við þróunarsamvinnu- og mannúðarstofnanir Sameinuðu þjóðanna, með áherslu á jafnrétti og mannréttindi. Ísland á nú aðalfulltrúa í stjórn Alþjóðabankans fyrir hönd kjördæmis Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja. Loftslagsmál, endurnýjanleg orka, jafnréttismál, atvinnusköpun og samstarf við einkageirann hafa verið áherslumál á tímabilinu.

Góður árangur náðist í tvíhliða samstarfslöndum Íslands í þróunarsamvinnu, Malaví og Úganda. Aðgengi að grunnmenntun, vatni og fæðingarþjónustu var bætt, og stutt var við sértækar COVID-19- aðgerðir. Í Síerra Leóne og Líberíu var unnið með stofnunum Sameinuðu þjóðanna að hreinsun plasts af ströndum og bættri vatns- og hreinlætisaðstöðu í strandbyggðum.

Miðannarrýni DAC

Miðannarrýni þróunarsamvinnunefndar OECD, DAC, á þróunarsamvinnu Íslands lauk í október. Á þremur árum tókst að koma til móts við níu af þrettán tillögum frá DAC. Sú stefna að einbeita sér að sviðum þar sem íslensk sérþekking nýtist best og að kveða skýrt á um stuðning við fátækustu ríki heims mælist vel fyrir. Sama á við um fyrirheit um aukin framlög og fjölgun starfsfólks með menntun, þekkingu og reynslu á sviði þróunarsamvinnu.

GRÓ – þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu

Jafnréttisskólinn, Jarðhitaskólinn, Landgræðsluskólinn og Sjávarútvegsskólinn starfa undir merkjum GRÓ – þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu að menntun fólks í þróunarríkjum og styðja þannig við framgang heimsmarkmiðanna. Nýir þjónustusamningar voru gerðir við Landbúnaðarháskólann, Hafrannsóknastofnun, Íslenskar orkurannsóknir og Háskóla Íslands, svokallaðar hýsistofnanir skólanna.

Fjölbjóðleg þróunarsamvinna 2020



Ísland á **aðalfulltrúa í stjórn Alþjóðabankans** fyrir hönd Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja 2019-2021.

863



Árið 2020 veittu íslensk stjórnvöld **863 milljónum króna til mannúðar- aðstoðar** í samstarfi við ýmsar stofnanir.

5



Árið 2020 sendi Ísland **fimm sérfræðinga á sviði mannúðar** til starfa á vettvangi hjá WFP, UNRWA, UN Women og UNFPA.



Tvívegis var mannúðar- ákalli Sameinuðu þjóðanna vegna COVID-19 svarað með framlögum til WHO, UNHCR, UNFPA og WFP.

Tvíhliða þróunarsamvinna 2020



Skólasókn barna í Mangochi í Malaví jókst um 20% á tímabilinu 2017-2020, stúlkum fjölgaði um 21% og brottfall þeirra minnkaði.

7.000



Skólamáltíðaverkefni WFP í sex skólum í Mangochi tryggir tæplega sjö þúsund grunnskólabörnum heita máltíð daglega.

43.000



Ísland og UNICEF vinna að uppbyggingu vatns- og salernismála í flóttamannabyggðum í norðvesturhluta Úganda. Ríflega 43 þúsund manns njóta góðs af verkefninu.

128.000



66 þúsund manns í Mangochi í Malaví veittur **aðgangur að hreinu vatni** og 62 þúsund manns í Buikwe í Úganda.

Ráðdeild í rekstri

Áhersla hefur verið lögð á ráðdeild og hagkvæmni í rekstri utanríkisþjónustunnar á undanförunum árum án þess að dregið sé úr gæðum hennar. Afkoma ársins 2020 af rekstri utanríkisráðuneytisins er jákvæð sem nemur tæpum 1,2 milljörðum kr. samkvæmt bráðabirgðauppgjöri, þrátt fyrir miklar áskoranir á borð við stærsta verkefni í sögu borgarþjónustunnar þegar þúsundum Íslendinga var komið heim þegar heimsfaraldurinn skall á.

Utanríkisráðuneytið hefur náð góðum árangri við að gæta aðhalds og ráðdeildar í rekstrinum. Ef útgjöld síðastliðins árs eru borin saman við útgjöld ráðuneytisins eins og þau voru árið 2007 er utanríkisráðuneytið annað tveggja ráðuneyta þar sem útgjöld hafa dregist saman að raungildi frá því sem var fyrir síðasta efnahagshrun.


Á sama tíma hefur utanríkisþjónustan tekist á hendur aukin verkefni, að verulegu leyti með því að forgangsraða og með aðhaldi á öðrum sviðum. Þannig hafa til dæmis varnarmál og þróunarsamvinna orðið sífellt stærri þættir í starfseminni.

Fjöldi og staðsetning sendiskrifstofa hafa einnig verið endurmetin. Frá hrúni hefur sjö sendiskrifstofum verið lokað en þrjár nýjar opnaðar. Sendiherrum hefur fækkað úr 42 þegar mest var og voru 36 í árslok 2019.

Ný lög um utanríkisþjónustuna voru samþykkt skömmu fyrir áramót. Þau hafa í för með sér aukinn sveigjanleika en sníða um leið helstu vankantana af fyrra fyrirkomulagi.

Á undanförunum misserum hefur verið unnið að framkvæmd tillagna í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi* frá 2017. Nær allar tillögurnar eru nú komnar til framkvæmda og utanríkisþjónustan þar með orðin enn betur í stakk búin til að takast á við flókin verkefni samtímans.

Samamanburður á hlutfallslegri aukningu framlaga til ráðuneyta á tímabilinu 2007 - 2020



FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

Nýjar reglur um skipan sendiherra

2. mars 2020 Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um utanríkisþjónustu hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar. Breytingarnar miða að því að koma á fastari skipan við val á sendiherrum til framtíðar með því að setja þak á fjölda sendiherra, afnema almenna undanþágu frá auglýsingaskyldu og lögfesta sérstakar hæfniskröfur.

Hálfur milljarður króna frá Íslandi í þróun bóludefnis

5. júní 2020 Alls söfnuðust 8,8 milljarðar Bandaríkjadala á ráðstefnu bóludefningarbandalagsins Gavi í gær en markmiðið var að safna 7,4 milljörðum. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra tilkynnti um 500 milljóna króna framlag Íslands á ráðstefnunni. Um er að ræða framlag til til sérstaks aðgerðabandalags fjölmargra ríkja, fyrirtækja og stofnana sem miðar að því að hraða þróun, framleiðslu og dreifingu á bóludefni við COVID-19.

Heimstorg Íslandsstofu opnað

3. mars 2021 Heimstorg Íslandsstofu var formlega opnað í dag en það er ný upplýsinga- og samskiptagátt fyrirtækja sem leita viðskiptatækifæra í þróunarlöndum og víðar. Verkefnið var kynnt í beinni útsendingu frá Hörpu.

Íslensk utanríkismál

Útdráttur úr skýrslu utanríkis-
og þróunarsamvinnuráðherra
til Alþingis 2021